



Ritrýnd grein birt 31. desember 2012

Gunnar J. Gunnarsson og Gunnar E. Finnbogason

Margbreytileiki og samstaða

Niðurstöður úr rannsókn á viðhorfum og gildismati framhaldsskólanema

Greinin fjallar um rannsókn sem stendur yfir á lífsviðhorfum og lífsgildum ungs fólks í framhaldsskólum og beinist athyglin meðal annars að viðhorfum og gildum sem tengjast trúarbrögðum, margbreytileika og samstöðu. Meðal áhugaverðra spurninga er hvaða áhrif samfélagsbreytingar og menningarlegar og félagslegar aðstæður í samfélagi vaxandi margbreytileika hafi á viðhorf ungs fólks. Í greininni er athyglinni beint að þessum spurningum og þær ræddar á grundvelli þess skilnings á manneskjunni að hún sé merkingarskapandi og leitist við að túlka líf sitt og tilvist og gefa því merkingu og tilgang. Ramminn um þá túlkun er menning og samfélag. Við breyttar samfélagsaðstæður þarf ungt fólk að takast á við nýjar spurningar er snerta siðferði og gildismat og taka afstöðu til hefða, venja og stofnana. Þá skiptir máli að sú mynd af veruleikanum sem verður til mæti þörf fyrir merkingu í lífinu, traust og öryggi. Því tengist meðal annars umræðan um þá spurningu hvort samfélagslegt umrót hafi leitt til þess að margt af því sem áður var í fremur föstum skorðum virðist nú á floti. Það getur átt við um ýmis gildi, hefðir og venjur og stöðu og hlutverk ýmissa stofnana. Þar á meðal eru trúarhefðir og trúarstofnanir. Umræðan um veraldarvæðingu og af-veraldarvæðingu, fjölhyggju og margbreytileika á því við í þessu samhengi. Markmið greinarinnar er að ræða valda þætti í niðurstöðum úr fyrri áfanga yfirstandandi rannsóknar á lífsviðhorfum og lífsgildum ungs fólks í þessu ljósi.

Gunnar J. Gunnarsson er dósent og Gunnar E. Finnbogason er prófessor, báðir við Kennaradeild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Diversity and solidarity: Results of a study on attitudes and values of upper secondary students

The article discusses a study in progress, on life views and life values of young people in upper secondary schools in Iceland, focusing, among other things, on attitudes and values related to religion, diversity and solidarity. Among the interesting questions asked was what effect the changing cultural and social conditions in a community of increasing diversity have on the attitudes of young people. The article focuses on such questions, based on the understanding that people seek to interpret and give meaning and purpose to their lives. The frame of reference for that interpretation is one's culture and society. In conditions of social change, young people have a greater need to deal with questions on ethics, values, traditions, customs and institutions. It is also important that the

picture of reality that is created establishes a sense of meaning in life, as well as trust and security. Connected to this is the debate about whether the great social changes that have occurred mean that much of what was previously relatively stable now seems afloat. Relevant here are a variety of values, traditions and customs, as well as the positions and roles of various organizations, including religious traditions and religious institutions. The debates on secularization and de-secularization and on pluralism and diversity are applicable in this context. The aim of this paper is to present some results of an ongoing study of the life views and life values of young people in this light.

Gunnar J. Gunnarsson is associate professor and Gunnar E. Finnbogason is professor, both at the Faculty of Teacher Education, School of Education, University of Iceland.

Inngangur

Rannsókn sem stendur yfir á lífsviðhorfi og gildismati ungs fólks í framhaldsskólum (18 ára og eldri) beinir athygli að nokkrum meginþemum. Um er að ræða lífsviðhorf, sjálfsmynd og líðan, samskipti og afstöðu til annarra, gildi og gildismat, fjölmenningu og margbreytileika. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að athuga lífsviðhorf og lífsgildi ungs fólks í fjölmenningsarsamfélagi þar sem bæði meginþemum og eigindlegum aðferðum er beitt. Í þessari grein verður fjallað um afmarkaða þætti í niðurstöðum rannsóknarinnar með sérstakri áherslu á þátt trúar og trúarbragða, margbreytileika og samstöðu. Markmiðið er að skoða viðhorf unga fólksins til þessara þátta á grundvelli þeirra gagna sem aflað hefur verið í meginþemum hluta rannsóknarinnar og ræða þau í ljósi þeirrar samfélagsþróunar sem hefur átt sér stað hér á landi á undanförunum árum. Áður hefur verið gerð grein fyrir nokkrum þáttum rannsóknarinnar (sjá Gunnar Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2011; Gunnar J. Gunnarsson, 2012).

Rannsóknin og framkvæmd hennar

Rannsóknin sem um ræðir hófst síðla hausts 2010. Nálgunin er þverfagleg og samanstendur rannsóknarhópurinn af fólki með ólíkan fræðilegan bakgrunn (trúaruppeldisfræði, uppeldisfræði, fjölmenningsfræði og hugmyndasaga). Þátttakendur í rannsókninni auk höfundar þessarar greinar eru Hanna Ragnarsdóttir og Halla Jónsdóttir en öll störfum við á Menntavísindasviði Háskóla Íslands sem hefur styrkt rannsóknina. Rannsóknin er skipulögð sem þriggja ára verkefni í tveimur megináföngum, meginþemum og eigindlegum, og er gagnaöflun í meginþema hlutanum, sem hér er til umfjöllunar, lokið.

Rannsóknin fór fram 2011–2012. Valdir voru sjö ólíkir framhaldsskólar, þrjú í Reykjavík og fjórir úti á landi. Nemendur, 18 ára og eldri, í þessum skólum voru beðnir um að svara spurningalistum með 77 fullyrðingum sem þeir áttu að taka afstöðu til. Notaður var svokallaður Likert-kvarði þar sem þátttakendur gátu lýst sig mjög sammála, frekar sammála, frekar ósammála og mjög ósammála eða merkt við „veit ekki“ (Likert, 1932). Samtals svöruðu 904 nemendur spurningalistunum, 491 stelpa (54,3%) og 413 strákar (45,7%). Úrvinnsla þessara gagna er liður í að undirbúa hinn meginhluta rannsóknarinnar sem er áformað að hefja á komandi ári, 2013. Þá er ætlunin að koma á fót rýnihópum í skólunum sem tóku þátt og taka viðtöl við valinn hóp nemenda. Undirbúningur og mótun þeirra viðtala byggir meðal annars á niðurstöðum úr meginþemum hluta rannsóknarinnar. Markmiðið er að rýnihóparnir endurspegli aukinn margbreytileika í íslensku samfélagi.

Þær niðurstöður úr fyrri áfanga rannsóknarinnar sem hér eru til umræðu byggja á svörum við tilteknum fullyrðingum á spurningalistunum. Þær voru valdar með þá meginþemum og huga sem fengist er við í þessari grein, sem er að hvaða leyti samfélagsbreytingar, sem

átt hafa sér stað hér á landi, endurspeglast í viðhorfum ungs fólks til trúar, trúarbragða, margbreytileika, mannréttinda og samstöðu.

Fræðileg umgjörð og lykilhugtök

Þegar viðhorf og gildismat ungs fólks er rannsakað er rökrétt að ræða niðurstöðurnar í ljósi þess samfélags sem það hefur alist upp í og mótast af. Samfélagið og menningin er ramminn um hvernig það túlkar líf sitt. Fræðimenn á borð við Geertz (1973) og Parekh (2000) hafa bent á að fólk leitist við að gefa lífi sínu og veröldinni merkingu og að það spyrji spurninga um merkingu og gildi mannlegs lífs. Menning snýst að þeirra skilningi, m.a. um það sem við tengjum merkingu og gildi. Menning er að þeirra skilningi sögulega skapað kerfi merkingar og gilda, viðhorfa og venja, sem hópur af fólki skírskotar til þegar það skilur og skipuleggur líf sitt í samfélagi með öðrum. Í nágrannalöndunum, einkum Norðurlöndunum, hafa átt sér stað margvíslegar rannsóknir á því hvernig börn og ungt fólk túlkar líf sitt (sjá t.d. Birkedal, 2001, 2008; Brunstad, 1998; Brömssen, 2003; Dahlin, 1989; Eriksson, 1999; Green og Hartman, 1992; Gunnar J. Gunnarsson, 2008; Hallgren 2003; Hartman 1986a, 1986b; Hartman og Petterson, 1980; Hartman og Torstenson-Ed, 2007; Munksgaard, 1984; Sjödin 1995; *Tonáringen och livsfrågorna*, 1969; Hasselrot og Lernberg, 1980; Torstenson-Ed 2003). Í þeim rannsóknum hafa komið við sögu tvö lykilhugtök, þ.e. tilvistartúlkun (s. *livstolkning*) og tilvistarspurningar (s. *livsfrågor*). Hartman (1986a, 1986b, 2000) hefur bent á að breytilegar aðstæður og skilyrði á mismunandi tímabilum lífsins skapi sífellt nýjar tilvistarspurningar sem fólk þarf að takast á við. Tilvistarspurningarnar vakni vegna þess að fólk veltir fyrir sér og íhugar reynslu sína og aðstæður, að það finnur hjá sér þörf fyrir að skilja og skapa merkingu í lífi sínu. Tilvistartúlkunin snýst þannig um að gera lífið merkingarbært, einstaklingurinn leitast við að finna merkingu og tilgang í reynslu sinni af lífinu og tilverunni. Ef gengið er út frá þeim skilningi að samfélagið og menningin séu ramminn um tilvistartúlkunina leiðir það af sér að samfélagsbreytingar hafa áhrif hana. Breytilegar aðstæður og skilyrði eru meðal þess sem hefur áhrif á það hvernig fólk túlkar reynslu sína og mótast viðhorf og gildismat.

Samfélagsbreytingar hafa verið örar hér á landi og í nágrannalöndunum á undanförunum áratugum og hafa því haft áhrif á hvernig ungt fólk túlkar líf sitt og reynslu. Þeim breytingum hefur í meginatriðum verið lýst þannig að fyrr á öldum voru það trúarbrögðin öðru fremur sem mótuðu líf fólks og viðhorf. Öll menntun, uppeldi og félagsmótun tóku mið af hinu trúarlega. Trúarbrögðin höfðu það hlutverk að skapa merkingu og samhengi í tilveruna þar sem trúin á guð var miðpunkturinn. Í okkar heimshluta var það kristnin sem gegndi þessu hlutverki. Þessi heild var síðan rofin af rótækri upplýsingu, framþróun vísindanna og yfirfærslu valdsins frá kirkjunni til ríkisins og síðar markaðarins. Um skeið kom menningararfurinn og hin menningarlega sjálfsmynd í staðinn sem viðleitni til að viðhalda samhengi og heild í tilverunni, eða fram eftir fyrri hluta tuttugustu aldar (Stefán Ólafsson, 1993, 1996). Íslenska þjóðin, tungan og menningin var miðlæg í þessari heild og á grundvelli þeirrar þjóðernishyggju sem við það skapaðist ríkti ákveðin samstaða meðal fólks. Það var meðal annars hlutverk skólans að skapa hugmyndir um slíka samstöðu. Á síðustu áratugum 20. aldar hefur stöðug framþróun í lífsháttum, vísindum og stjórnmálum átt mikilvægan þátt í að skapa sameiginlega sýn og merkingu í tilveru fólks. Vísindaleg framþróun átti að skapa aukna velsæld og aukið frelsi fyrir þegnana og skólinn að miðla hagnýtri og traustri þekkingu. Þrátt fyrir þessa þróun eru trúarbrögðin ennþá sterkt afl, einnig í evrópskum ríkjum. En þau eru ekki lengur þungamiðjan í þeirri menningarlegu og félagslegu umgjörð sem fólk vísar til þegar það túlkar líf sitt og reynslu (Sigurdson, 2009).

Þessari þróun hefur verið lýst þannig að svokölluð veraldarhyggja (e. *secularism*) ásamt trúarlegum margbreytileika og fjölhyggju (e. *pluralism*) hafi leyst tiltölulega einsleita mynd í trúarefnum af hólmi víða í Evrópu, þar með talið hér á landi. Áhrif trúarstofnana á aðrar stofnanir samfélagsins hafa farið minnkandi, en um leið hafa ólík trúarbrögð orðið meira

áberandi í samfélaginu og samfélagsumræðunni. Innan trúarbragðafélagsfræðinnar var upp úr miðri síðustu öld mikið rætt um veraldarvæðingu (e. *secularization* – stundum þýtt sem „afhelgun“) samfélagsins og sáu margir fyrir sér að áhrif trúarbragða og trúarstofnana í samfélaginu myndu smám saman hverfa (Berger, 1969; Luckmann, 1967, 1977; Wilson, 1982). Í því sambandi var rætt um þrjú svið. Ziebertz og Riegel (2008) hafa dregið þetta þannig saman að á hinu félagslega sviði glötuðu trúarbrögð stöðu sinni sem grundvöllur félagslegrar samloðunar (e. *social cohesion*), á stofnanasviðinu hættu kirkjur og trúarstofnanir að hafa áhrif á opinberar og einstaklingsbundnar ákvarðanir, og á einstaklingssviðinu birtist veraldarvæðingin í höfnun á trúarlegum kenningum og minnkandi trúarlegri iðkun. Litið var á veraldarvæðinguna sem óhjákvæmilegan fylgifisk nútímavæðingar samfélagsins (Bruce, 1992). Berger (1967) ræðir einnig um samspil fjölhyggju og veraldarvæðingar. Hann færir rök fyrir því að fjölgun trúfélaga og trúarstofnana sem keppa innbyrðis sé bæði afleiðing veraldarvæðingar og leggi sitt af mörkum til hennar. Hann heldur því fram að söguleg einokunarstaða ríkiskirkju, og þau tengsl milli ríkis og kirkju sem sú skipan felur í sér, hafi viðhaldið styrk og mikilvægi trúarbragða samfélagsins. Þegar þessi einokunarstaða rofnaði við siðbreytinguna og gerður var skýrari greinarmunur á veraldlegu og trúarlegu valdi leiddi það smám saman til aukins trúarlegs margbreytileika og fjölhyggju. Trúarleg fjölhyggja leiddi síðan ekki bara til innbyrðis samkeppni ólíkra kirkjudeilda og trúfélaga heldur einnig til samkeppni við guðlaus lífsviðhorf. Einstaklingar gátu nú valið um með hvaða hætti þeir vildu rækja trú sína eða vera trúlausir. Þegar trú einstaklingsins varð þannig spurning um val, varð hún í vaxandi mæli einkamál. Þetta hafi ýtt trúarbrögðunum út af hinu opinbera sviði og þannig átt sinn þátt í veraldarvæðingunni.

Í seinni tíð hafa ýmsir fræðimenn sett spurningarmerki við veraldarvæðingar hugtakið og talað um af-veraldarvæðingu (e. *desecularization*) (sjá t.d. Berger, 1999). Benda þeir á að með auknum fjölbreytileika í trúarefnum á síðari hluta síðustu aldar hafi ólík trúarbrögð fest rætur hlið við hlið í vestrænum samfélögum og áhrif þeirra og trúarlegrar umræðu orðið meira áberandi. Margir fræðimenn á sviðinu eru þó þeirrar skoðunar að hvort tveggja eigi sér stað samhliða, þ.e. tiltekin veraldarvæðing um leið og umræða um trú og trúarbrögð hafi orðið meira sýnileg (Woodhead og Heelas, 2000). Sumir telja að nær sé að tala um að þróunin síðustu áratugi hafi fremur verið í átt til fjölhyggju og einstaklingsvæðingar trúarinnar en veraldarvæðingar (Schweitzer, 2008). Myndin sé einfaldlega flóknari en margir vilja halda, um leið og það hefur einnig áhrif hvernig hugtakið veraldarvæðing er skilgreint og notað. Flestir eru þó sammála um að trúarbrögðin séu komin á dagskrá á ný, þ.e.a.s. umræðan um þau sé opnari í vestrænum samfélögum bæði í fjölmiðlum og pólitískri umræðu. Umræðan hefur m.a. snúist um þátt trúarbragða í opinberu lífi samfélagsins og um umburðarlyndi og fordóma. Bent hefur verið á að árásin á tvíbura-turnana í New York árið 2001 hafi valdið ákveðnum þáttaskilum og stuðlað að aukinni umræðu um trúarbrögð, vaxandi trúarlegan margbreytileika í Evrópu og þýðingu hans fyrir samskipti fólks með ólíkan trúarlegan og menningarlegan bakgrunn. Það hefur jafnframt leitt til umræðu og skýrslugerðar á vettvangi Evrópuráðsins um markvissari trúarbragðafræðslu og fjölmennningarlega kennslu (sjá t.d. Jackson, 2009). Þetta á einnig við í fræðiheiminum en þar hafa ýmsir fræðimenn, sem lengi vel gáfu trúarbrögðunum lítinn gaum, farið að líta til þess sviðs (Weisse, 2010). Habermas (2008) bendir í þessu sambandi á mikilvægi trúarlegs umburðarlyndis á tímum fjölhyggju og margbreytileika, sem grundvöll friðsamlegs sambýlis ólíkrar menningar í lýðræðissamfélagi.

Með auknum trúarlegum margbreytileika og endurkomu trúarbragða í þjóðfélagsumræðu við lok 20. aldar og byrjun þeirrar 21. hefur aukin athygli því beinst á ný að trúarbrögðunum og áhrifum þeirra. Í því sambandi hefur þróuninni verið lýst þannig (Cusack, 2011) að trúarleg uppeldismótun hafi breyst í vestrænum samfélögum frá því að vera einsleit félagsmótun inn í tiltekin trúarbrögð fjölskyldu og samfélags yfir í vaxandi margbreytileika þar sem sambandið milli trúar og trúarstofnana rofni og trúarbrögðin verði einn möguleiki

af mörgum þegar kemur að mótun andlegra eða trúarlegra viðhorfa. Vantraust ungs fólks á trúarstofnunum hafi aukist en það vantraust hafi ekki endilega haft áhrif á áhuga þess á trú og trúarefnum. Einnig er bent á (Schweitzer, 2008) að svokölluð einstaklingsvæðing trúarinnar, þ.e. að hún færist inn á svið einkalífsins, feli jafnframt í sér að fólk greini gjarnan á milli eigin trúar og þeirrar trúar sem haldið er fram og kennd af trúarstofnunum. Því finnst það ekki vandamál að vera ósammála opinberum trúarhefðum og sjálfsagt að geta valið á milli ólíkra viðhorfa í trúarefnum.

Margbreytileikinn birtist einnig með ýmsum öðrum hætti í okkar heimshluta. Straumar þjóðernishyggu hafa haft áhrif víða í Evrópu en þeir skapa þó gjarnan meiri sundrunu en heild þegar sífellt fleiri og smærri hópar krefjast aukins frelsis fyrir sig og sína. Samtímis hafa hnattrænir kraftar stöðugt meiri áhrif, þeir ögra þjóðum og taka æ oftar frá þeim sjálfsákvörðunarréttinn (Bauman, 2005). Sú menning og það samfélag er vart til sem ekki verður fyrir áhrifum af annarri menningu og samfélögum (Parekh, 2000).

Bauman (2000) og Ziehe (1989) telja, hvor á sinn hátt að þetta samfélagsástand, sem lýst hefur verið hér að framan, geri það að verkum að nútímamaðurinn sé frjálsari af hefðinni. Ziehe talar um menningarlega leysingu (e. *cultural liberation*) en Bauman er meira upptekinn af upplausn gilda og hefða sem skapar ákveðið flot (e. *liquid society*) í tilveru ungs fólks. Þegar Bauman talar um fljótandi ástand á hann við að stöðug og viðtekin félagsleg fyrirbæri, eins og samstaða, vinátta og sjálfsmynd, séu ekki eins stöðug og áður heldur fljótandi. Þetta getur leitt af sér ákveðið óöryggi og í því sambandi bendir Juul (2002) á að óöryggi sé versti jarðvegurinn fyrir aukinn skilning, umburðarlyndi og samstöðu. Liedman (2000), sem fjallað hefur um samstöðuhugtakið, bendir m.a. á að samstaða snúist ekki eingöngu um gott siðferði heldur um gagnkvæmni þar sem einstaklingar séu háðir hver öðrum. Hann bendir einnig á að samstaða milli manna eigi í vök að verjast með aukinni einstaklingsvæðingu samfélagsins þar sem einstaklingurinn verður æ oftar mælikvarði á eigin athafnir. Hann þarf stöðugt að vega og meta hugsanlegar afleiðingar af vali sínu. Áherslan í einstaklingsvæðingunni liggur á einstaklingsbundin atriði á kostnað félagsheildarinnar. Hver og einn einstaklingur hugsar meira um eigin hag og metur aðra á þeim grunni (Beck, 1992).

Íslenskt samfélag hefur ekki farið varhluta af þeim samfélagsbreytingum sem átt hafa sér stað á Vesturlöndum á undanförunum áratugum. Menningarlegur og trúarlegur margbreytileiki hefur aukist og birtist meðal annars í töluverðri fjölgun trúfélaga og auknum fjölda þeirra sem hér búa með erlent ríkisfang (Hagstofa Íslands, 2012a, 2012b). Ungt fólk hér á landi virðist við þessar breyttu aðstæður upplifa sig í eins konar spennu milli einsleitni og margbreytileika og er misjafnlega öruggt í að takast á við þær aðstæður (Gunnar J. Gunnarsson, 2008). Þetta hefur þó ekki verið rannsakað til neinnar hlítar. Með hliðsjón af ofangreindri umræðu um samfélagsbreytingar og afleiðingar þeirra verður í framhaldinu reynt að varpa ljósi á valda þætti úr meginþingum hluta rannsóknarinnar.

Niðurstöður úr spurningalistakönnuninni

Í þessum hluta verða nokkrar af þeim fullyrðingum sem þátttakendur í rannsókninni tóku afstöðu til, teknar til umfjöllunar og niðurstöður úr þeim ræddar. Athyglinni verður beint að nokkrum fullyrðingum sem snerta trú og trúarbrögð, margbreytileika, mannréttindi og samstöðu með það fyrir augum að ræða síðan að hvaða leyti samfélagsbreytingar undanfarinna ára hafa áhrif á viðhorf þátttakenda.

Á spurningalistanum var athyglinni meðal annars beint að trú og trúarbrögðum. Meðal þeirra upplýsinga sem þátttakendur gáfu um sjálfa sig var að tilgreina aðild að trúfélagi. Meirihlutinn kvaðst tilheyra þjóðkirkju, kristni eða lúthersku fríkirkjunum, eða 65,8%. Næststærsti hópurinn voru þau sem sögðust vera utan trúfélaga eða trúlaus eða 26,4%.

7,4% nefndu ýmis önnur trúarbrögð eða trúfélög. Fjöldi þeirra sem segist vera trúlaus eða utan trúfélaga vekur athygli, a.m.k. ef borið er saman við tölur Hagstofunnar um skráningu í trúfélög en samkvæmt þeim tilheyra 76,8% þjóðkirkjunni og 5,7% lúthersku fríkirkjunum. Aðeins 4,9% eru skráð utan trúfélaga (Hagstofan, 2012a). Annað sem vekur athygli eru viðbrögðin við fullyrðingunum „Mér finnast trúarbrögð mikilvæg í samfélaginu“ og „Trúarbrögð hafa mikil áhrif á viðhorf mín“. Í fyrri tilvikinu voru 31,5% mjög eða frekar sammála fullyrðingunni en í því síðara aðeins 19,5%. Hlutfallið er svipað þegar horft er á fullyrðinguna „Trúarleg iðkun, t.d. bæn hefur mikla þýðingu fyrir mig,“ en 18,7% voru mjög eða frekar sammála. Trúarbrögðin og trúarleg iðkun virðist því ekki skipta meirihluta hópsins miklu máli þrátt fyrir að meirihlutinn telji sig tilheyra þjóðkirkju eða kristni.

Nokkrar fullyrðingar á spurningalistanum snerust um trúarlegan margbreytileika og trúfrelsi. Ein þeirra var á þessa leið: „Það er sjálfsagt að taka tillit til ólíkra hefða fólks eftir menningu og trú.“ Afstaða hópsins var mjög eindregin en langflestir þátttakenda (88,3%) voru sammála fullyrðingunni, 50,2% mjög sammála og 38,1% frekar sammála. Um 91% stelpnanna og um 84% stráka merkja við mjög eða frekar sammála.

Þátttakendur voru einnig beðnir að taka afstöðu til fullyrðingarinnar „Það er sjálfsagt að öll trúfélög fái að blómstra og meðal annars reisa bænahús“. Í *Töflu 1* sést að þrátt fyrir að meirihlutinn (61,3%) sé mjög eða frekar sammála eru 24,4% mjög eða frekar ósammála og 14,3% merktu við „Veit ekki“.

Tafla 1 – Það er sjálfsagt að öll trúarbrögð fái að blómstra og meðal annars reisa bænahús		
	Fjöldi	%
Mjög sammála	233	26,0
Frekar sammála	317	35,3
Frekar ósammála	112	12,5
Mjög ósammála	107	11,9
Veit ekki	128	14,3
Samtals	897	100,0

Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við svör við fullyrðingunni um að það sé sjálfsagt að taka tillit til ólíkra hefða fólks eftir menningu og trú kemur í ljós að hlutfall þeirra sem voru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu er töluvert hærra en hér eða 88,3% á móti 61,3% hér. Munur milli kynja í svörum við þessari fullyrðingu er lítil. Svipaðar niðurstöður má sjá í svörum við fullyrðingunni: „Það er óheppilegt fyrir íslenskt samfélag ef önnur trúarbrögð en kristni eflast.“ Þar voru 61,7% mjög eða frekar ósammála og aðeins 15,5% voru mjög eða frekar sammála. Athygli vekur að 22,8% voru ekki viss sem er óvenju hátt hlutfall í samanburði við svör við öðrum fullyrðingum á spurningalistanum.

Einn þáttur trúarlegs margbreytileika eru klæðaburður og tákn sem tengjast trúarbrögðum og hafa mál tengd því stundum komið til umræðu, a.m.k. í nágrannalöndunum. Ein fullyrðinganna á spurningalistanum snerist um þetta atriði: „Fólk má klæða sig eins og það vill af trúarlegum ástæðum.“ Mikill meirihluti var mjög eða frekar sammála fullyrðingunni eða 78,3% (sjá *Töflu 2*).

Heldur fleiri stelpur en strákar voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni. Samanburður við aðra fullyrðingu af svipuðum toga á spurningalistanum staðfestir þessa niðurstöðu en 76,5% voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Stelpa sem er múslimi á rétt á að hafa slæðu í tímum í skólanum“. Þess má geta að svipaður fjöldi (73,4%) var mjög eða

Tafla 2 – Fólk má klæða sig eins og það vill af trúarlegum ástæðum		
	Fjöldi	%
Mjög sammála	361	40,4
Frekar sammála	339	37,9
Frekar ósammála	73	8,2
Mjög ósammála	43	4,8
Veit ekki	78	8,7
Samtals	894	100,0

frekar sammála fullyrðingunni: „Það er í lagi að nemendur hafi húfu í tímum í skólanum.“ Þá má nefna að aðeins 9,4% voru sammála fullyrðingunni „Það fer í taugarnar á mér þegar fólk ber á sér trúartákn“.

Trúar- og lífsviðhorf fólks eru margvísleg og í hugum sumra eru þau einkamál. Kenningar um veraldarvæðingu samfélagsins fólu gjarnan í sér að trúarbrögð og hið trúarlega færðist yfir á svið einkalífsins. Viðbrögð við nokkrum fullyrðingum á spurningalistanum gefa til efni til að draga ályktanir um hvaða augum unga fólk þetta lítur þetta. Ein fullyrðinganna sem þátttakendur tóku afstöðu til var: „Öðrum kemur ekki við hver trúarbrögð mín eða lífsviðhorf eru.“

Tafla 3 – Öðrum kemur ekki við hver trúarbrögð mín eða lífsviðhorf eru		
	Fjöldi	%
Mjög sammála	292	32,6
Frekar sammála	294	32,8
Frekar ósammála	172	19,2
Mjög ósammála	42	4,7
Veit ekki	97	10,8
Samtals	897	100,0

Eins og sést í *Töflu 3* voru um tveir þriðju eða 65,3% mjög eða frekar sammála fullyrðingunni. Enginn munur var á milli kynja í svörum. Svipaðar niðurstöður komu í ljós í svörum við fullyrðingunni „Ég velti ekki fyrir mér hvernig fólk er“ en 77,4% voru annað hvort mjög eða frekar sammála og 21,1% mjög eða frekar ósammála. Þegar skoðuð voru svörin við fullyrðingunni „Mér finnst mikilvægt að vita hvernig trúar vinir mínir eru“ var svipað uppi á teningnum. Mikill meirihluti lýsti sig mjög eða frekar ósammála eða 80,4%. Það virðist því mega draga þá ályktun að ungt fólk sé þeirrar skoðunar að trúarbrögð eða lífsviðhorf séu einkamál.

Á spurningalistanum voru fullyrðingar sem tengjast mannréttindum, frelsi og samstöðu. Hér er vissulega á ferðinni stór málaflokkur en viðbrögð unga fólksins við þeim fullyrðingum endurspeglar afstöðu þeirra til nokkurra valinna þátta. Á meðal fullyrðinganna var þessi: „Ég er tilbúin(n) að leggja mikið á mig til að standa vörð um frelsi og mannréttindi.“ Meirihlutinn eða 71,7% var mjög eða frekar sammála fullyrðingunni (sjá *Töflu 4*).

Aðeins 11,7% voru mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni en 16,5% merktu við „Veit ekki“, sem er nokkuð hátt hlutfall ef miðað er við svör við mörgum öðrum fullyrðingum.

Tafla 4 – Ég er tilbúin(n) að leggja mikið á mig til að standa vörð um frelsi og mannréttindi		
	Fjöldi	%
Mjög sammála	244	27,2
Frekar sammála	400	44,5
Frekar ósammála	82	9,1
Mjög ósammála	23	2,6
Veit ekki	149	16,5
Samtals	898	100,0

Það er því ljóst að unga fólk virðist tilbúið til að leggja mikið á sig til að standa vörð um frelsi og mannréttindi. Önnur fullyrðing í þessum flokki snerist um það hversu reiðubúið unga fólk væri að taka þátt í mótmælum þegar tjáningarfrelsi er ógnað en tjáningarfrelsi er ein af grundvallarstoðum mannréttinda. Fullyrðingin sem þau áttu að taka afstöðu til hljóðar svo: „Ég er tilbúin(n) að fara og mótmæla þegar gengið er á frelsi fólks til að tjá skoðanir sínar.“ 59,4% voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni en 23,3% voru frekar eða mjög ósammála. 17,4% merktu við „Veit ekki“ sem er tiltölulega hátt hlutfall. Hér var lítil munur á afstöðu kynjanna. Þegar þetta er borið saman við hlutfall þeirra sem voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Ég er tilbúin(n) að leggja mikið á mig til að standa vörð um frelsi og mannréttindi“ (71,7%) kemur í ljós að það er nokkuð hærra en hlutfall þeirra sem voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Ég er tilbúin(n) að fara og mótmæla þegar gengið er á frelsi fólks til að tjá skoðanir sínar“ (59,4%). Þótt báðar snúist þessar fullyrðingar um mannréttindi og að standa vörð um þau er fyrri fullyrðingin almennari en sú seinni og getur það hafa haft áhrif á hvernig þátttakendur svöruðu. Þá er þátttaka í mótmælum ekki eina leiðin til að standa vörð um mannréttindi eða berjast gegn ranglæti þótt mörg þeirra sjái það sem leið. Þannig var tæpur helmingur eða 48,8% sem lýsti sig mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni „Þátttaka í mótmælum gegn ranglæti og spillingu í stjórnmálum hefur lítið að segja“ en 27,9% voru mjög eða frekar sammála. Óvenju margir þátttakendur merktu við „Veit ekki“ eða 23,2%.

Afstaðan til enn rótækari aðgerða í baráttunni fyrir réttlæti kemur fram í viðhorfi þátttakenda til fullyrðingarinnar „Líkamlegt ofbeldi er ásættanlegt í baráttunni fyrir réttlæti þegar aðrar leiðir virðast útilokaðar“. Fram kemur í *Töflu 5* að 18,6% voru þessu mjög eða frekar sammála en 72,2% voru þessu frekar eða mjög ósammála. 9,1% merktu við „Veit ekki“.

Tafla 5 – Líkamlegt ofbeldi er ásættanlegt í baráttunni fyrir réttlæti þegar aðrar leiðir virðast útilokaðar		
	Fjöldi	%
Mjög sammála	48	5,3
Frekar sammála	120	13,3
Frekar ósammála	181	20,1
Mjög ósammála	469	52,1
Veit ekki	82	9,1
Samtals	900	100,0

Meirihlutinn tekur því afstöðu gegn líkamlegu ofbeldi í baráttunni fyrir réttlæti en umhugsunarvert er þó að hátt í 20% skuli telja líkamlegt ofbeldi ásættanlegt þegar aðrar leiðir virðast útilokaðar.

Jafnréttismál eru mikilvægur þáttur mannréttinda, réttlætis og samstöðu. Á spurningalistanum voru fullyrðingar sem snerust einkum um hvort unga fólkinu þættu þau mikilvægur málaflokkur. Ein af fullyrðingunum á spurningalistanum var almennt um jafnrétti sem baráttumál: „Jafnrétti meðal manna er mikilvægt baráttumál nú á tímum.“ Í ljós kom að lang flestir í hópi unga fólksins eru þeirrar skoðunar en 91,3% voru þessu mjög eða frekar sammála. Einungis 4,3% voru mjög eða frekar ósammála og 4,3% merktu við „Veit ekki“. Munur milli kynja var lítill.

Í fullyrðingunni „Umræður um stöðu og hlutverk kynjanna eru mikilvægar“ er ekki spurt beint um kynjajafnréttið þótt það tengist fullyrðingunni, heldur er áherslan á mikilvægi umræðunnar um stöðu og hlutverk kynjanna. Fram kemur í *Töflu 6* að meirihlutinn eða 72,9% voru mjög og frekar sammála fullyrðingunni. Hins vegar voru 18,8% ósammála þessari fullyrðingu en 8,2% merktu við „Veit ekki“.

Tafla 6 – Umræða um stöðu og hlutverk kynjanna eru mikilvægar		
	Fjöldi	%
Mjög sammála	296	32,9
Frekar sammála	360	40,0
Frekar ósammála	103	11,4
Mjög ósammála	67	7,4
Veit ekki	74	8,2
Samtals	900	100,0

Þegar svarhlutfall kynjanna var skoðað kemur fram talsverður munur. 78% stelpnanna voru því mjög og frekar sammála að umræða um stöðu og hlutverk kynjanna væri mikilvæg en það á aðeins við um 66% strákana.

Samstaðan með öðrum tengist aðstæðum og kjörum annarra og er þar af leiðandi tengd spurningum um mannréttindi, frelsi og réttlæti. Þetta er einnig mikilvægt rannsóknarefni á tímum margbreytileika og fjölhyggju. Nokkrar fullyrðingar tengdust þessu málefni. Fyrst skal nefnt að þátttakendur voru almennt þeirrar skoðunar að allar manneskjur séu jafn mikilvægar en 90,4% voru því mjög eða frekar sammála (71,6% mjög sammála og 18,1% frekar sammála). Ein fullyrðinganna sem snýst um samstöðu með öðrum var „Þjáning og sorg annarra koma mér ekki við nema um sé að ræða vini eða einhverja í fjölskyldunni“. Í ljós kom að 22,7% voru því mjög eða frekar sammála eða tæpur fjórðungur. Fram kemur í *Töflu 7* að meirihlutinn eða 70,5% var mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni og telur því að þjáning og sorg annarra komi þeim við. 6,8% merkja við „Veit ekki“.

Tafla 7 – Þjáning og sorg annarra koma mér ekki við nema um sé að ræða vini eða einhverja í fjölskyldunni		
	Fjöldi	%
Mjög sammála	46	5,1
Frekar sammála	158	17,6
Frekar ósammála	364	40,5
Mjög ósammála	269	30,0
Veit ekki	61	6,8
Samtals	898	100,0

Í svörum við annari fullyrðingu, sem hefur almennari skírskotun um velgengni fólks í lífinu, eru hlutföllin önnur. Í ljós kom að 42% þátttakenda voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Ég skipti mér ekki af því hvernig öðrum gengur í lífinu; hver og einn verður að hugsa um sjálfan sig“. 54,6% eða rúmur helmingur voru mjög eða frekar ósammála þessu.

Spurningin um samstöðu með öðrum getur líka birst í afstöðu til hjálparstarfs. Ein fullyrðinganna á spurningalistanum var: „Þátttaka í hjálparstarfi er mikilvæg.“ Í *Töflu 8* sést að 86,1% telja að hjálparstarf mikilvægt en 7,9% eru því frekar eða mjög ósammála. 6,1% merkja við „Veit ekki“. Hér er lítil munur á kynjunum.

Tafla 8 – Þátttaka í hjálparstarfi er mikilvæg		
	Fjöldi	%
Mjög sammála	306	34,1
Frekar sammála	466	52,0
Frekar ósammála	48	5,4
Mjög ósammála	22	2,5
Veit ekki	55	6,1
Samtals	897	100,0

Svipaðar niðurstöður fengust þegar athyglinni var beint að afstöðunni til eigin þátttöku í hjálparstarfi. 82,6% sögðust geta hugsað sér að taka þátt í hjálparstarfi, aðeins 11,1% voru frekar eða mjög ósammála fullyrðingu þess efnis og 6,3% merktu við „Veit ekki“. Viðbrögðin við þessum fullyrðingum sýna að þátttakendur eru jákvæðir gagnvart hjálparstarfi og þátttöku í slíku starfi.

Umræða

Þær niðurstöður úr rannsókninni sem hér eru til umfjöllunar gefa til kynna að viðhorf þátttakenda hafi mótast að ákveðnu marki af samfélagsbreytingum á undanförunum árum. Veraldarvæðing (Berger, 1969; Luckmann, 1977; Wilson, 1982) og einstaklingsvæðing trúarinnar (Schweitzer, 2008) virðast hafa haft áhrif á viðhorf unga fólksins. Trúarbrögðin eru ekki lengur sá grundvöllur samhengis og heildarsýnar fyrir tilveru mannsins og þau voru áður. Þrátt fyrir það hefur trú eða trúarbrögðum ekki verið þokað út af sviðinu, heldur hefur staða þeirra breyst og fjölhyggja og margbreytileiki aukist. Einhvers konar samspil veraldarvæðingar og af-veraldarvæðingar virðist eiga sér stað (Berger, 1999; Woodhead og Heelas, 2000). Þegar viðbrögð þátttakenda í rannsókninni við fullyrðingum á spurningalistanum um trú, trúarbrögð og trúarlegan margbreytileika eru skoðuð kemur í ljós að meirihlutinn er tilbúinn til að tengja sig við tiltekin trúarbrögð eða trúfélög. Þetta á við um tæp 74%. Á sama tíma lítur meirihlutinn svo á að trúarbrögð séu ekki mikilvæg í samfélaginu, þau virðast ekki hafa haft mikil áhrif á viðhorf meirihlutans og trúarleg iðkun hefur heldur ekki mikla þýðingu fyrir hann. Ef við tengjum þetta hugtakinu tilvistartúlkun má segja að þessi atriði hafi ekki mikil áhrif á tilvistartúlkun margra þeirra sem tóku þátt í rannsókninni. Þá er rúmur fjórðungur þátttakenda reiðubúinn að skilgreina sig sem trúlausan eða utan trúfélaga. Hér má því greina ákveðna mynd sem virðist í takt við það sem trúarbragðafélagsfræðingar hafa sett fram til að lýsa breytingum sem hafa orðið á stöðu trúarbragða og trúarstofnana í samfélaginu. Ziebertz og Riegel (2008) benda á að veraldarvæðingin feli í sér að áhrif trúarbragða og trúarstofnana í samfélaginu hafi minnkad, bæði á félags-, stofnana- og einstaklingsviði, og að dregið hafi úr trúarlegri iðkun. Þá

bendir Cusack (2011) á að trúarleg uppeldis- eða félagsmótun inn í ein tiltekin trúarbrögð fjölskyldu eða samfélags sé ekki fyrir hendi með sama hætti og fyrr, og að tengsl ungs fólks við tilteknar trúarhefðir og trúarstofnanir hafi minnkað eða rofnað. Fólk greini gjarnan á milli eigin trúar og þeirrar trúar sem haldið er fram af trúarstofnunum (sjá einnig Sigurdson, 2009). Viðhorf þátttakenda í rannsókninni til mikilvægis og áhrifa trúarbragða og afstaða til gildis trúarlegrar iðkunar endurspeglar þetta. Einstaklingsvæðing trúarinnar sem Schweitzer (2008) talar um er af mörgum talin fylgifyiskur veraldarvæðingarinnar (sjá t.d. Berger 1967; Luckmann, 1967). Hún birtist einnig með því að líta á trú eða lífsviðhorf sem einkamál og virðast gögnin endurspeglja þá afstöðu meðal þátttakenda. Meirihluti þátttakenda telur að það komi öðrum ekki við hver trúarbrögð þeirra eru og það sama á við um lífsviðhorf. Meirihlutinn segist ekki velja því fyrir sér hvernar trúar fólk sé og hann telur ekki mikilvægt að vita hvernar trúar vinirnir eru.

Bent hefur verið á samspil fjölhyggju og veraldarvæðingar (Berger, 1967) og ekki síður að með af-veraldarvæðingunni hafi trúarbrögðin komist á dagskrá á ný en þó með öðrum hætti en áður, þau tengjast meira en áður umræðum um menningarlegan og trúarlegan margbreytileika, sambýli fólks með ólíkan trúarlegan bakgrunn, umburðarlyndi og fordóma (sjá t.d. Berger, 1999; Habermas, 2008; Jackson, 2009; Weisse, 2010). Viðbrögð þátttakenda í rannsókninni við fullyrðingum sem tengjast auknum margbreytileika endurspeglar þennan veruleika. Þátttakendur eru langflestir, eða tæplega níu af hverjum tíu, jákvæðir gagnvart því að taka tillit til ólíkra hefða fólks eftir menningu og trú, og tæplega tveir þriðju eru þeirrar skoðunar að það sé sjálfsagt að öll trúarbrögð fái að blómstra og reisa sér bænahús. Svipaður fjöldi er jafnframt ósammála því að það sé óheppilegt fyrir íslenskt samfélag að önnur trúarbrögð en kristni eflist. Að sama skapi eru rúmlega þrjú af hverjum fjórum þeirrar skoðunar að fólk megi klæða sig eins og það vill af trúarlegum ástæðum og að stelpa sem er múslimi eigi rétt á að ganga með slæðu í tímum í skóla. Innan við einn af hverjum tíu samsinnir því að það fari í taugarnar á þeim að fólk beri á sér trúartákn. Trúarlegur margbreytileiki og fjölhyggja eru veruleiki sem blasir við og ungt fólk virðist almennt vera jákvætt gagnvart honum. Það vekur þó athygli að ekki skuli jafnmargir telja sjálfsagt að öll trúfélög fái að blómstra og meðal annars reisa sér bænahús. Ef til vill hefur umræðan um byggingu mosku í Reykjavík á undanförunum misserum haft einhver áhrif. Fjórðungur þátttakenda er þannig ósammála því að það sé sjálfsagt að öll trúarbrögð fái að blómstra og 14% eru ekki viss. Þá eru 15% á því að það sé óheppilegt fyrir íslenskt samfélag að önnur trúarbrögð en kristni eflist og tæp 23% eru ekki viss. Áhersla Habermas (2008) á mikilvægi trúarlegs umburðarlyndis á tímum fjölhyggju og margbreytileika á því við, hann lítur á það sem grundvöll friðsamlegs sambýlis ólíkrar menningar í lýðræðissamfélagi. Þrátt fyrir jákvæða afstöðu meirihluta unga fólksins til margbreytileikans er hluti hópsins ósammála því að það sé sjálfsagt að öll trúarbrögð fái að blómstra og sammála því að það sé óheppilegt að önnur trúarbrögð en kristni eflist.

Mannréttindi, frelsi, réttlæti og samstaða eru yfirgripsmikill flokkur viðfangsefna. Þrátt fyrir það var leitað eftir viðhorfum þátttakenda í rannsókninni til nokkurra þátta tengdum honum með það fyrir augum að kanna að hvaða leyti samfélagsbreytingar hér á landi hafa áhrif á viðhorf unga fólksins. Fram kemur í gögnunum að þátttakendur í rannsókninni voru almennt þeirrar skoðunar að allar manneskjur séu jafnmikilvægar og að meirihluti þeirra taldi frelsi og mannréttindi skipta máli. Þannig sögðust rúm 71% tilbúin að leggja mikið á sig til að standa vörð um frelsi og mannréttindi. Þegar spurningin snerist um beinan og afmarkaðri þátt í varðstöðu af því tagi, þ.e. viðhorf þátttakenda til þess að fara og mótmæla þegar tjáningarfrelsinu væri ógnað, reyndist hlutfall þeirra ungmenna sem sögðust tilbúin til þess nokkru lægra eða rúm 59%. Af þeim sem ekki voru í þessum hópi sagðist rúmur helmingur ekki tilbúinn að taka þátt mótmælum og nánast jafnmargir merktu við „Veit ekki“. Þannig virtust margir þátttakendur vilja leggja mikið á sig í þessum málaflokki en einhver hluti þeirra ekki vera reiðubúinn að taka þátt í mótmælum á þeim grunni. Ef til

vill endurspeglast þar visst vonleysi hjá hluta hópsins um að mótmæli skili árangri, a.m.k. voru tæp 28% unga fólksins í rannsókninni þeirrar skoðunar að þátttaka í mótmælum gegn ranglæti og spillingu í stjórnámum hefði lítið að segja. Engu að síður var um helmingur ósammála því að slík mótmæli hefðu lítið að segja. Þessi viðhorf endurspeglar því nokkuð víðtæka samstöðu um mikilvægi þess að standa vörð um frelsi og mannréttindi og þótt hlutfallið sé lægra þegar kemur að þátttöku í mótmælum má hafa í huga að það eru til ýmsar aðrar leiðir til að standa vörð um þessi atriði. Þá hlýtur það einnig að teljast hátt hlutfall að um 60% unga fólksins segjast tilbúin að fara og mótmæla þegar svo ber undir. Sú upplausn gilda og hefða sem Bauman (2000) og Ziehe (1989) tala um sem einkenni nútímasamfélags virðist ekki eiga við um viðhorf unga fólksins til baráttunnar fyrir mannréttindum og tjáningarfrelsi. Þannig eru aðeins um 12% ósammála því að leggja mikið á sig til að standa vörð um frelsi og mannréttindi. Þegar kemur að afstöðu til þess að beita enn róttækari aðferðum verður myndin svo önnur. Meirihlutinn eða rúm 70% reyndist andvígur því að beita líkamlegu ofbeldi í baráttunni fyrir réttlæti þegar aðrar leiðir virðast útilokaðar. Tæp 20% eru þó þeirrar skoðunar að það sé ásættanlegt sem verður að teljast nokkuð hátt hlutfall og umhugsunarvert.

Baráttan fyrir jafnrétti er einn þáttur mannréttinda- og frelisisbaráttu. Þótt ekki sé að finna margar fullyrðingar á spurningalistanum um þennan þátt gefa samt fullyrðingarnar tvær, sem honum tengjast og hér eru til umræðu, vísbendingu um viðhorf unga fólksins, einkum sú sem snýr að jafnréttisbaráttu almennt. Langflestir þátttakenda, eða rúmlega níu af hverjum tíu, voru þeirrar skoðunar að jafnrétti væri mikilvægt baráttumál nú á tímum. Hér er afstaðan eindregið sú að baráttan fyrir jafnrétti sé mikilvæg og er það enn merki um viðhorf sem endurspeglar ákveðna samstöðu, a.m.k. ef horft er til þess að samstaða feli í sér gagnkvæmni og áherslu á heildarhagsmunum í stað þess að horfa bara á eigin hagsmunum, eins og Juul (2002) og Liedman (2000) leggja áherslu á. Þegar þátttakendur voru hins vegar beðnir um að taka afstöðu til þess hvort umræða um stöðu og hlutverk kynjanna sé mikilvæg er hlutfall þeirra sem eru sammála því töluvert lægra, en um það bil þrjú af hverjum fjórum töldu svo vera. Aftur á móti er um það bil fimmtungur ósammála þessari fullyrðingu. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar nánar kemur í ljós að stelpurnar (78%) eru mun jákvæðari gagnvart umræðu um stöðu kynjanna en strákar (66%). Erfitt er að segja til um af hverju þau, sem telja umræður um stöðu og hlutverk kynjanna mikilvæga, eru færri en þau sem telja jafnrétti mikilvægt baráttumál nú á tímum. Er hugsanlegt að hluti hópsins tengi umræðuna um stöðu og hlutverk kynjanna ekki við baráttuna fyrir jafnrétti? Þá er það einnig umhugsunarvert að strákar virðast ekki vera eins áhugasamir um stöðu og hlutverk kynjanna og stelpurnar. Endurspeglar það að málefnið brenni síður á þeim en stelpunum af því að það hallar síður á þá? Hér eru mikilvægar spurningar á ferðinni sem leitað verður svara við í síðari hluta rannsóknarinnar þegar rýnihópaviðtölin fara fram.

Samstaða með öðrum tengist einnig aðstæðum og kjörum annarra og þar af leiðandi felur samstöðuhugtakið í sér ýmsar siðferðilegar skyldur. Um er að ræða siðferðilegar skyldur milli manna, sem eru háðir og tengdir hver öðrum og samsama sig hver með öðrum. Sá munur er á samstöðu og afstöðu með eigin hagsmunum að einstaklingur getur sýnt öðrum samstöðu án þess að hugsa um eigin hag eða hagnast á því (sjá nánar Juul, 2002). Eitt af því sem reynt var að komast að með spurningalistunum voru viðhorf unga fólksins til samstöðu þegar kemur að aðstæðum og kjörum annarra og að hvaða leyti þróun í títt til einstaklingsvæðingar og minni samstöðu í samfélaginu, eins og Baumann (2000), Juul (2002) og Liedman (2000) tala um, mótast þau viðhorf. Af svörum þátttakenda má sjá að tæpur fjórðungur er því sammála að þjáning og sorg komi þeim ekki við nema um sé að ræða vini eða einhverja úr fjölskyldunni. Þjáning og sorg komi þeim aðeins við ef um vini og ættingja er að ræða. Ljóst er að meirihlutinn er ósammála fullyrðingunni en vel má velta fyrir sér hvort ekki gæti hér áhrifa frá einstaklingsvæðingu samfélagsins þegar fjórð-

ungur þátttakenda bindur sig við vini og fjölskyldu í þessum efnum, þ.e. horfir fyrst og fremst til þess hóps sem næst stendur. Liedman (2000) bendir á, í greiningu sinni á samstöðuhugtakinu, að á tímum einstaklingsvæðingar bregðist manneskjan meira við sem einstaklingur í stað þess að horfa til hópsins í heild. Afstaðan til fullyrðingarinnar „Ég skipti mér ekki af því hvernig öðrum gengur í lífinu; hver og einn verður að hugsa um sjálfan sig“ virðist benda í þessa átt þar sem 42% voru sammála henni. Afstaðan til hjálparstarfs virðist aftur á móti endurspegla víðtæka samstöðu með öðrum þar sem tæplega níu af hverjum tíu töldu þátttöku í hjálparstarfi mikilvæga. Það sama á við um þátttöku í hjálparstarfi því margir gátu hugsað sér að taka þátt í því. Samstaða með öðrum birtist því m.a. í jákvæðri afstöðu til hjálparstarfs.

Lokaorð

Þær niðurstöður sem hér hafa verið ræddar benda til þess að viðhorf unga fólksins hafi að tilteknu marki mótast af þeim samfélagsbreytingum sem átt hafa sér stað hér á landi á undanförunum árum. Jafnframt virðist ýmislegt í þeim vera í samhljómi við þær kenningar sem fræðimenn hafa notað til að greina samfélagsþróunina. Það á til að mynda við um veraldarvæðinguna og viðhorf unga fólksins til áhrifa og mikilvægis trúarbragða. Einnig má segja að afstaða þeirra mótist með jákvæðum hætti af þeirri endurkomu trúarbragða í samfélaginu sem felst í auknum menningarlegum og trúarlegum margbreytileika, a.m.k. telja flestir þátttakendur sjálfsagt að taka tillit til ólíkra hefða fólks eftir menningu og trú. Viðhorf unga fólksins til mannréttinda, frelsis og samstöðu virðast á hinn bóginn ekki endurspegla samfélagsmynd sem einkennist af upplausn gilda og hefða eða vaxandi einstaklingsvæðingu. Viðhorf meirihluta þátttakenda í rannsókninni einkennast miklu fremur af vilja til samstöðu, bæði í baráttu fyrir mannréttindum, frelsi og jafnrétti og einnig þegar kemur að kjörum og aðstæðum annarra. Ef til vill sýnir þetta að viðhorf unga fólksins eru mótuð af tilteknum samfélagsbreytingum en að hefðbundin gildi og sjónarmið hafa líka sitt að segja. Niðurstöðurnar vekja því ýmsar nýjar spurningar sem þörf er á að glíma við í síðari áfanga rannsóknarinnar. Þar verður kafað dýpra og leitast við að greina betur viðhorf einstaklinga í þeim framhaldskólum þar sem spurningalistarnir voru lagðir fyrir. Í því skyni er áformað að koma á fót rýnihópum nemenda til að ræða einstaka þætti, gildi og viðhorf.

Heimildir

Bauman, Z. (2000). *Liquid Modernity*. Cambridge: Polity Press.

Bauman, Z. (2005). *Globalization: The Human Consequences*. Cambridge: Polity Press.

Beck, U. (1992). *Risk society*. London: Sage Publication.

Berger, P. (1967). *The Sacred Canopy*. New York: Anchor Books.

Berger, P. (1969). *The Social Reality of Religion*. London: Faber.

Berger, P. (1999). *Desecularization of the World: Resurgent Religion and World Politics*. Washington: Eerdmans Publishing.

Birkedal, E. (2001). „Noen ganger tror jeg på Gud, men ...“? *En undersøkelse av gudstro og erfaring med religiøs praksis i tidlig ungdomsalder*. Trondheim: Tapir.

Birkedal, E. (2008). „Kanskje jeg tror på en gud, men ...“: *En langtidsstudie av gudstro hos unge*. Oslo: Iko-forlaget.

Bruce, S. (Ritstjóri) (1992). *Religion and Modernization: Sociologists and Historians debate the Secularization Thesis*. Oxford: Oxford University Press

- Brunstad, P. O. (1998). *Ungdom och livstolkning: En studie av unge menneskers tro og fremtidsforventninger*. Trondheim: Tapir.
- Brömssen, K. (2003). *Tolkningar, förhandlingar och tystnader: Elevers tal om religion i det mångkulturella och postkoloniala rummet*. Göteborg: Acta Universitatis Gothoburgensis.
- Cusack, C. M. (2011). Some recent trends in the study of religion and youth. *Journal of Religious History*, 35, 409–418.
- Dahlin, B. (1989). *Religionen, själen och livets mening: En fenomenografisk och existensfilosofisk studie av religionsundervisningens villkor*. Göteborg: Acta Universitatis Gothoburgensis.
- Eriksson, K. (1999). *På spaning efter livets mening: Om livsfrågor och livsåskodning hos äldre grundskoleelever i en undervisningsmiljö som främjar kunskapande*. Malmö: Institutionen för pedagogik. Högskolan i Malmö.
- Geertz, C. (1973). *The interpretation of cultures: selected essays*. New York: Basic Books.
- Green, I. og Hartman, S. (1992). *Barns livssituation och livstolkning: Projectpresentation*. Linköping: Institutionen för pedagogik och psykologi.
- Gunnar Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Lífsviðhorf og gildi: Viðhorfakönnun meðal ungs fólks í framhaldsskólum á Íslandi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/009.pdf>
- Gunnar J. Gunnarsson. (2008). "I don't believe the meaning of life is all that profound": A study of Icelandic teenagers' life interpretation and values. Stockholm: Stockholm University.
- Gunnar J. Gunnarsson. (2012). Ungt fólk og trúarbrögð: Rannsókn á lífsviðhorfum og gildismati framhaldsskólanema. *Ritröð guðfræðistofnunar*, 34(1), 50–76.
- Habermas, J. (2008). *Between Naturalism and Religion. Philosophical Essays*. Cambridge: Polity Press.
- Hagstofa Íslands. (2012a). *Mannfjöldi eftir trúfélögum*. Sótt 14. september 2012 af <http://www.hagstofa.is>
- Hagstofa Íslands. (2012b). *Mannfjöldi – Ríkisfang, fæðingarland og bakgrunnur íbúa*. Sótt 14. september 2012 af <http://www.hagstofa.is>
- Hallgren, R. (2003). *På jakt efter livets essens – om spekulerande grundskolebarn*. Lund: Studentlitteratur.
- Hartman, S. G. (1986a). *Barns tankar om livet*. Stockholm: Natur och Kultur.
- Hartman, S. G. (1986b). *Children's philosophy of life*. Lund: Gleerup.
- Hartman, S. G. (2000). Livstolkning hos barn och unga. Í E. Almén (ritstjóri), *Livstolkning och värdegrund: att undervisa om religion, livsfrågor och etik* (bls. 53–101). Linköping: Skapande vetande.
- Hartman, S. G. og Petterson, S. (1980). *Livsfrågor och livsåskådning hos barn: Några utgångspunkter för en analys av barns livsfrågor och livsåskådning samt en presentation av*

några delstudier inom området. Stockholm: Högskolan för lärarutbildning, Institutionen för pedagogikk.

Hartman, S.G. og Torstenson-Ed, T. (2007). *Barns tankar om livet* (2. útgáfa). Stockholm: Natur och kultur.

Jackson, R. (2009). „Is Diversity Changing Religious Education? Religion, Diversity and Education in Today's Europe.“ Í G. Skeie (ritstjóri), *Religious Diversity and Education: Nordic Perspectives*. Münster, New York, München, Berlin: Waxmann.

Juul, S. (2002). *Modernitet, velfærd og solidaritet: En undersøgelse af danskernes moralske forpligtelser*. København: Hans Reitzels Forlag.

Liedman, S. E. (2000). *Att se sig själv i andra: Om solidaritet*. Stockholm: Albert Bonniers Förlag.

Likert, R. (1932). „A technique for the measurement of attitudes.“ *Archives of Psychology*, 140, 1–55.

Luckmann, T. (1967). *The Invisible Religion*. New York: Macmillan

Luckmann, T. (1977). Theories of religion and social change. *Annual Review of the Social Sciences of Religion*, 1, 1–28.

Munksgaard, K. (1984). *Unges livssyn: En undersøgelse af unges forhold til religion*. København: Gyldendal.

Parekh, B. (2000). *Rethinking Multiculturalism. Cultural Diversity and Political Theory*. Cambridge, MA: Harvard University Press.

Schweitzer, F. (2008). Religious individualization: New challenges to education for tolerance. Í R. Jackson and S. Fujiwara (ritstjórar), *Peace Education and Religious Plurality. International Perspectives* (bls. 75–86). London og New York: Routledge.

Sigurdson, O. (2009). *Det postsekulära tilståndet*. Göteborg: Glänta Produktion.

Sjödin, U. (1995). *En skola – flera världar: Värderingar hos elever och lärare i religionskunskap i gymnasieskolan*. Stockholm: Bokförlaget Plus Ultra.

Stefán Ólafsson. (1993). Innreið nútímaþjóðfélags á Íslandi. Í Magnús Snædal og Turid Sigurðardóttir (ritstjórar), *Frændafundir* (bls. 195–217). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Stefán Ólafsson. (1996). *Hugarfar og hagnöxtur: Menning, þjóðfélag og framfarir á Vesturlöndum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Tonåringen och livsfrågorna: Elevattityder och undervisningen i livsåskådning och etik på grundskolans högstadium. (1969). Stockholm: SÖ-förlaget/Skolöverstyrelsen.

Hasselrot, T. og Lernberg, T. H. (ritstjórar). (1980). *Tonåringen och livet: Undersökning och diskussion kring tonåringen och livsfrågorna*. Stockholm: Liber Utbildningsförlaget.

Torstenson-Ed, T. (2003). *Ungas livstolkning och skolans värdegrund*. Stockholm: Myndighet för skolutveckling.

Weisse, W. (2010). REDCo: A European Research Project on Religion in Education. *Religion and Education*, 37, 187–202.

Wilson, B. (ritstjórar). (1982). *Religion in Sociological Perspective*. Oxford: Oxford University Press.

Woodhead, L. J. P. and Heelas, P. L.F. (ritstjórar). (2000). *Religion in Modern Times: An Interpretive Anthology*. Oxford: Blackwell.

Ziebertz, H.-G. og Riegel, U. (ritstjórar). (2008). *Europe: Secular or post-secular?* Münster: Lit Verlag.

Ziehe, T. (1989). *Kulturanalyser. Ungdom, utbildning, modernitet*. Stockholm: Symposion Bokförlag.



Gunnar J. Gunnarsson og Gunnar E. Finnbogason. (2012).
Margbreytileiki og samstaða: Niðurstöður úr rannsókn á viðhorfum og gildismati framhaldsskólanema.
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/007.pdf>